

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | | |
|---------------|---|-----------|--------------------------------|
| Ríkisaðili | Menntaskólinn við Sund Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík, kt. 700670-0589 | Ráðuneyti | Mennta- og barnamálaráðuneytið |
| Ábyrgðaraðili | Helga Sigríður Þórsdóttir | | |
| A | Kjarnastarfsemi | | |
| | <p>Skólinn er áfangaskóli með þriggja anna kerfi sem býður upp á nám á þremur námsbrautum: félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og starfsbraut. Allt nám er í staðnámi. Nemendur skólans eru haustið 2023 alls 675 á 3 námsbrautum.</p> <p>Náttúrufræðibraut 257 nemendur sem skiptast á tvær námslínu: eðlisfræði- og stærðfræðinámslínu 71 nemendur og líffræði- og efnafræðinámslínu 186 nemendur.</p> <p>Félagsfræðibraut 402 nemendur sem skiptast á félagsfræði- og sögunámslínu 153 nemendur og hagfræði- og stærðfræðinámslínu 249nemendur.</p> <p>Starfsbraut 16 nemendur sem fá fjölreytt námsframboð hver við sitt hæfi.</p> <p>Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og barnamálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að leggja áherslu á velferð og forvarnir, efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í sínu námsvali og námshraða. Þessar áherslur birtast m.a. í skólanámskrá á heimasíðu skólans www.msund.is og í markmiðum í þessu stefnumótunarskjali. Skólanámskrá er endurskoðuð árlega, s.s. skólareglur, verklagsreglur og stefnur. Brautir skólans voru síðast uppfærðar vorið 2023.</p> <p>Lögð er áhersla á skapandi nám þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi. Nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni í að vinna með hana og hæfni til að nýta með ólíkum hætti. Unnið er út frá kenningu um að byggja upp námskraft nemenda (Building Learning Power).</p> <p>Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt, ástundi heiðarleg vinnubrögð og þjálfu með sér þrautseigju þar sem mistök eru eðlilegur hluti af námsferlinu. Skólinn hvetur kennara til nýbreytni- og þróunarstarfs þar sem horft er bæði til innihalds náms og námsumhverfis. Starfsþróun kennara er mjög öflug í skólanum og var skólinn tilnefndur til íslensku Menntaverðlaunanna haustið 2023.</p> <p>Haustið 2023 tók skólinn við færri nýnemum sem nemur tveimur námshópum vegna húsnæðisvanda. Nemendur hafa ekki aðgang að félagsaðstöðu og kennarar og annað starfsfólk hefur þurft að koma vinnuástöðu sinni fyrir á minna rými. Mikill tími á skólaárinu hefur farið í húsnæðismál, flutninga, tiltekt og umræðu og fundi um sameiningu skóla. Starfsþróun kennara er mjög öflug í skólanum og var skólinn tilnefndur til íslensku Menntaverðlaunanna haustið 2023.</p> | | |

| Markmið, mælikvarðar og aðgerðir | | | | | | | |
|----------------------------------|---|----------------|---|---|---|---|-------------------------|
| Nr. | Markmið | H M | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2022 | Viðmið 2024 | Viðmið 2026 |
| A1 | Auka umhverfisvitund nemenda og starfsfólks | 11 og 12 | Mælanleg markmið Grænfánaverkefni | Greinagerð verkefnisins til Landverndar | 1 grænfáni | 3 grænfánar | 5 grænfánar |
| | | | Virk umhverfisnefnd nemenda | Framhaldsáfangi í umhverfisvernd | 17 nemendur í umhverfis- nefnd | 17 nemendur í umhverfis- nefnd | Áfangi alltaf í boði |
| | | | Hlutfall flokkaðs úrgangs frá skólanum | Gögn frá Gámafélaginu | 40% | 75% | 75% |

| Tengist markmiði málaflokks | | | | | | | |
|---|---|--------|---|-------------------------------|----------------------------------|-------------|-------------|
| <i>20.1 Að auka gæði menntunar. Að íslenskt menntakerfi geti tekist á við hnattrænar og félagslegar áskoranir framtíðar</i> | | | | | | | |
| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | | | | Upphaf | Endir |
| A1.1 | Umhverfisvika nemenda og starfsfólks í apríl 2024 | | | | | 2022 | X |
| A1.2 | Virk umhverfisnefnd | | | | | 2021 | 2026 |
| A1.3 | Græn skref í ríkisrekstri og grænfánaverkefnið fléttuð inn í gæðakerfi skólans og til að auka gæði verkefnisins | | | | | 2024 | 2025 |
| Nr. | Markmið | H M | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2022 | Viðmið 2024 | Viðmið 2026 |
| A2 | Samhæfð nemendapjónusta með farsæld að leiðarljósi | 3,4 | Brotthvarfsmælingar yngri og eldri nemenda | Brotthvarfsmælingar MRN og MS | 0,5%/1,4% | 0,5% - 2% | 0,5% - 2% |
| | | | Að yfir 90% nemenda sem hefja nám í MS að loknum grunnskóla brautskráist úr | Gögn úr Innu | 75%, 23% fóru í aðra skóla (árg. | Samtals 90% | Samtals 90% |

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | | | | | | |
|--|---|----------------------|-----------------------------------|--|----------------------|--------------------|--------------------|
| | | | framhaldsskóla innan fjögurra ára | Handleiðsla nemenda yfir í annan skóla | 2002) (tilfærsla) | | |
| | | | Velliðan nemenda | Framhaldsskóla- púlsinn | 5,1 | 5+ | 5+ |
| Tengist markmiði málaflokks | | | | | | | |
| <i>20.1 Samhæfð þjónusta fyrir viðkvæma hópa</i> | | | | | | | |
| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | | | Upphaf | Endir | |
| A2.1 | Áfanginn Krossgötur - hópráðgjöf og fræðsla fyrir nýnema í umsjón náms- og starfsráðgjafar, 1 klst á viku | | | | 2023 | 2027 | |
| A2.2 | Upplýsinga- og tæknimiðstöð í skólanum samofin þjónustu tómstundafræðings | | | | 2023 | 2027 | |
| A2.3 | Efling stoðþjónustu - aukinn tæknilegur stuðningur við nemendur með lestrarörðugleika | | | | 2023 | 2027 | |
| A2.4 | Stoð kennsla í stærðfræði og íslensku | | | | 2023 | 2024 | |
| Nr. | Markmið | H M | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2022 | Viðmið 2024 | Viðmið 2026 |

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | | | | | | |
|----|--------------------------------|---|--|--|--|---|---|
| A3 | Auka gæði menntunar í skólanum | 4 | Ánægja nemenda með kennslu í áföngum | Kennslukönnun | 75% | 80% | 80% |
| | | | Ánægja nemenda með aðstöðu til náms- og kennslubúnað | Kennslukönnun | 81% | 80%+ | 80%+ |
| | | | Starfsfólk sinni virkri starfspróun | Skýrslur verkefnisstjóra og könnun lögð fyrir starfsfólk að vori | Tekur þátt í Menntabúðum x 3 Dagsnámsk x1 Gestafyrirl x1 | Tekur þátt í a.m.k. 6 starfspróunarviðburðum á skólaárinu | Tekur þátt í a.m.k. 7 starfspróunarviðburðum á skólaárinu |

Tengist markmiði málaflokks

20. Tryggja gæði náms og kennslu og auka stuðning við nýja kennara

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | Upphaf | Endir |
|------|---|--------|-------|
| A3.1 | Verkefnastjórn með móttöku nýrra kennara | 2022 | 2025 |
| A3.2 | Innleiðing gæðastaðla í námi og kennslu og ritun starfsmannahandbókar | 2022 | 2027 |
| A3.3 | Fjölgun nemendaferða styrktum af Erasmus+ og Nordplus | 2023 | 2027 |

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | | |
|------|---|------|------|
| A3.4 | Menntabúðir, starfsþróunarhópar starfendarannsókna og leiðsagnarnáms undir stjórn verkefnisstjóra | 2022 | 2027 |
|------|---|------|------|

| B | Rekstrarþættir |
|---|---|
| | <p>Haustið 2023 eru við nám og störf 675 nemendur og 67 starfsmenn. Skipurit skólans er að finna á heimasíðu hans. Þar er starfsemi skólans skipt niður í yfirstjórn og 2 svið: Kennslusvið og þjónustusvið: Virkt starfsfólk á haustönn 2023 eru 65 talsins í 60,61 stöðugildum. 73% starfsfólks eru konur og 27% karlar. Við skólann starfa 51 einstaklingar á kennslusviði í 46,3 stöðugildum, þar af eru 39 konur í 35,4 stöðugildum og 12 karlar í 10,9 stöðugildum. Átta kennarar sinna einnig fagstjórn samhliða kennslu (2 karlar og 6 konur). Allir kennarar eru með kennsluréttindi. Meðalaldur kennara eru tæp 52 ár.</p> <p>Aldursdreifing er eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• 30 - 40 ára - 5 kennarar• 41 - 50 ára - 18 kennarar• 51 - 60 ára - 15 kennarar• 61 - 66 ára - 14 kennarar <p>Í yfirstjórn eru fjórir: rektor (kvk 51 árs), konrektor (kk 47 ára), kennslustjóri (kvk 37 ára) og námsbrauta- og námskrárstjóri (kk 58 ára).</p> <p>Þjónustusvið alls 14 starfsmenn: skrifstofustjóri (kvk 59 ára), fjármálastjóri (kvk 62 ára), 3 náms- og starfsráðgjafar (kvk, 65 ára, 45 ára og 36 ára), brautarstjóri starfsbrautar (kvk 58 ára) stjórnun og 30% kennsla sérkennari (kvk 45 ára) 20% stjórnun 80% kennsla, 2 stuðningsfulltrúar í 60% starfshlutfalli þar sem annar (kvk, 24 ára) íþróttafæðingur og hinn með BA í fjölmiðlafræði (kk 25 ára) sem sér einnig um umsjón með íþróttahúsi og starfrænni framleiðslu í skólanum í (40% starfi), tómstundafræðingur (kvk 29 ára) í 50% starfi sem sinnir einnig ráðgjöf í upplýsinga- og tækniveri (50%), tölvuumsjónarmaður í upplýsinga- og tækniveri (kk 51 árs), umsjónarmaður fasteigna (kk 63 ára), 2 þjónustufulltrúar (kvk 60 ára og kk 49 ára) annar á skrifstofu og hinn í íþróttahúsi.</p> <p>Skólinn hefur sett sér stefnur í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Sjá Stefnur Menntaskólinn við Sund (msund.is) sem eru hluti af skólanámskrá. Lögð er mikil áhersla á starfsþróun kennara og starfendarannsóknir og að efla nýbreytni í skólastarfi. Skólinn hefur lokið við fimmta græna skrefið í ríkisrekstri, er grænfánaskóli frá maí 2022 og fékk jafnlaunavottun í júní 2022. Í skólanum starfar gæðaráð sem fer með innra mat skólans og eftirfylgni jafnlaunastefnu. Innra mat er m.a. framkvæmt með þátttöku í framhaldsskólaláttum, kennslukönnunum, starfsmannasamtölum og</p> |

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

eftirfylgni með tölfraeðilegum gögnum. Ytri úttekt var gerð á skólanum haustið 2019 og er hún birt á vef skólans ásamt aðgerðaráætlun sem er lokið. Á svæði undir [Gæðamál og mat á skólastarfi | Menntaskólinn við Sund \(msund.is\)](#) má sjá rýni stjórnenda ásamt áætlunum og skýrslum um innra og ytra mat á skólastarfi.

Starfsbraut var stofnuð við skólann haustið 2022. Á vormánuðum 2022 fóru fram gagngerðarbreytingar á skipulagi og rekstri skólans til að hagræða í rekstri. Starfsbrautin hefur ekki fengist fjármögnuð af MRN nema sem nemur 2/3 þess verkefnis og hallarekstur blasir við árið 2023 eftir gott rekstrarár árið 2022. Hagræðingin fólst í endurskipulagningu námsbrauta og verkefnastjórnar samtímis sem nemendapjónusta var aukin í takt við stefnu stjórnvalda um menntun til farsældar.

Áskoranir: Skólinn glímir við áskoranir í húsnæðismálum vegna galla í nýbyggingu og skorti á viðhaldi eldra húsnæðis. Tveir starfsmenn hafa vegna þessa horfið til annarra starfa og tveir geta ekki sinnt starfi sínu. Allt ferlið og umræður um sameiningu framhaldsskóla hefur hoggið skart í þá vegferð þróunar sem skólinn var kominn á eftir endurreisn að lokum heimsfaraldri. Þetta hefur tafið aðgerðir í húsnæðismálum og er jóst að grípa þarf hratt til aðgerða.

Fjármál: Gera þarf úrbætur á vinnubrogðum skólans og þjónustu fjársýslunnar til að gera bókhald skólans skilvirkara og nútímalegra.

Útgjöld: Reiknað var með að rekstrargjöld skólans yrðu tæplega 1200 mkr. En þá var ekki búið að vera ráð fyrir launakostnaði á starfsbraut. Gjöldin skiptast þannig að 74% eru laun og launatengd gjöld, 21% húsnæðiskostnaður, 2% aðkeypt þjónusta og 2% ýmis annar rekstrarkostnaður. Kemur þar inn aukinn kostnaður við Office 365, jafnlaunavottun, nýja heimasíðu, snjómokstur og ræstingu.

Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

| Nr. | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2022 | Viðmið 2024 | Viðmið 2026 |
|-----|---------|-------------|----------------------|-------------|-------------|-------------|
|-----|---------|-------------|----------------------|-------------|-------------|-------------|

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | | | | | |
|-----------|------------------------------------|--|------------------------------|--|--|--|
| B1 | Aukin skilvirkni í skólanum | Notkun á kennslukerfi sem upplýsingamiðlun kennara til nemenda | Niðurstöður úr kennslukönnun | Mat 68% nemenda að kennari noti kennslukerfi ð mikið eða mjög mikið | 75% | 80% |
| | | Útgáfa vikulegar fréttabréfa | Gögn úr starfsmanna-handbók | Vikuleg fréttabréf til starfsfólks og mánaðarleg til nemenda | Vikuleg fréttabréf til starfsfólks og mánaðarleg til nemenda | Vikuleg fréttabréf til starfsfólks og mánaðarleg til nemenda |
| | | Fjöldi starfsmannasamtala | Starfsmannasamtö I | 75% starfsmanna bauðst formlegt | Allt starfsfólk skólans fer í árlegt | Allt starfsfólk skólans fer í árlegt starfsmannasamtal |

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | Upphaf | Endir |
|------|---|--------|-------|
| B1.1 | Forskóli í upplýsingatækni og tölvunotkun fyrir nýnema að hausti | 2024 | - |
| B1.2 | Verkefnisstjóri kennslukerfis heldur námskeið, skrifar leiðbeiningar í starfsmannahandbók og fréttabréf | 2023 | - |
| B1.3 | Reglulegt upplýsingaflæði með vikulegum fréttabréfum til starfsfólks og reglulegum fréttabréfum til nemenda | 2021 | |
| B1.4 | Endurskipulagning á bókhaldi og umsýslu fjármála | 2023 | 2025 |

| Nr. | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2022 | Viðmið 2024 | Viðmið 2026 |
|-----|--------------------|---|--|-------------|-------------|-------------|
| B2 | Aukin starfsánægja | Ánægja í starfi | Stofnun ársins/ starfsmannasamtö I | 4.18 | 4.2 | 4.3 |
| | | Upplifun starfsfólks af jafnrétti á vinnustað | Stofnun ársins/ starfsmannasamtö I | 4.07 | 4.2 | 4.3 |

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | | | | | |
|------------|---|--|--|------------------------|--------------------|--------------------|
| | | Ánægja með vinnuskilyrði | Stofnun ársins/ starfsmannasamtö I | 3.60 | 3.8 | 4.0 |
| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | | | Upphaf | Endir |
| B2.1 | Útgáfa starfsmannastefnu | | | | 2023 | 2024 |
| B2.2 | Samstarfssáttmáli starfsfólks - unnið með einstaka þætti sáttmálans | | | | 2023 | 2025 |
| B2.3 | Endurbætur á vinnuaðstöðu - viðgerðir á húsakosti | | | | 2022 | 2026 |
| B2.4 | Fartölvur fyrir allt starfsfólk sem metið er að þurfi slíkt tæki | | | | 2023 | 2024 |
| Nr. | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2022 | Viðmið 2024 | Viðmið 2026 |
| B3 | Bætt stjórnun auðlinda | Útlán námsbóka og námsgagna | Tölfræði í Gegni/skráning á skrifstofu | Um 700 útlán allt árið | 300 | 300 |
| | | Fjöldi vinnustunda sem falla niður vegna endurtekinnar kennslu sama áfanga | Vinnumat í Innu | Viðmið skilgreind | 600 klst | 700 klst |

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2024-2026

| | | Aðgengi að tölvu- og tækniþjónustu í skólanum | Fjöldi daga sem þjónustan er í boði fyrir kennara og nemendur | Viðmið skilgreind | 170 dagar | 180 dagar |
|------|--|---|---|-------------------|-----------|-----------|
| Nr. | Verkefni/aðgerðir | | | | Upphaf | Endir |
| B3.1 | Tilfærsla verkefna á þjónustusviði og endurritun starfslýsinga vegna aukinna verkefna og breytinga á störfum | | | | 2023 | 2026 |
| B3.2 | Að kennari kenni fleiri en einum hópi sama áfanga á sömu önn | | | | 2022 | 2026 |
| B3.3 | Tilfærsla á störfum og aðsetri tölvu- og tækniúmsjónar í skólanum | | | | 2023 | 2025 |

Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka. Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (e. *outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (e. *input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila,

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.